

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017, frístundabyggð í landi Birkihlíðar, Borgarfjarðarsveit.

Samkvæmt 2. mgr. 14. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 11. október 2001 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sveitarfélaga norðan Skarðsheiðar 1997-2017 frá 19. febrúar 1998.

Breytingin varðar breytta landnotkun í landi Birkihlíðar í Reykholtssdal þar sem 39,7 ha landbúnaðarsvæði breytist í frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Borgarfjarðarsveitar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breyting þessi öðlast þegar gildi.

Umhverfisráðuneytinu, 11. október 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.